

Nr. 002 / 13 Ronja SH 53***Skipverji flækist í veiðarfærum og fer útbyrðis***

Skipaskr.nr. 1524
Smíðaður: Skagaströnd 1978, plast
Stærð: 18,28 brl. 22,03 bt.
Mesta lengd: 13,85 m Skráð lengd: 13,73 m
Breidd: 3,77 m Dýpt: 1,77 m
Vél: Pegaso 100 kW, 1984
Fjöldi skipverja: 2



Ronja©NN

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 12. janúar 2013 var Ronja SH 53 á síldveiðum á Breiðafirði. Veður: SSV 1-4 m/s, lofthiti +1,3° og sjávarhiti +3,9°.

Bátsverjar voru að klára að leggja síldarlagnet á lítilli ferð og þegar skipstjórinn ætlaði að henda endabelgnum fann hann að bugt á færinu hertist um hægri fót hans. Hann tók það til ráðs að hoppa með færinu í sjóinn. Hinn bátsverjinn kunni ekki á stjórnþæki bátsins og sigldi á hægri ferð frá skipstjóranum þar til hann náði að stöðvaði vélinu.

Nærstaddur bátur, Álfur SH, kom fljótlega á staðinn og náði skipstjóranum úr sjónum. Honum varð ekki meint af volkinu en hann hékk á belgnum í u.þ.b. 10 mín.

Við rannsókn kom fram:

- að tvö net mynduðu þessa trossu sem var lögð niður á skut bátsins með flotið og færin stjórnborðsmegin en blýteinninn bakborðsmegin og var skipverjinn sem aðstoðaði við lagninguna þeim megin í lok lagningar;
- að skipstjórinn stjórnaði bátnum með stjórnþækjum á stjórnborðs miðsíðu. Þegar netin höfðu runnið út fór skipstjóri aftur í skut til að koma belgnum fyrir borð en steig þá í færbugt sem var að renna út. Skipstjóri sagðist hafa stokkið í sjóinn til forðast meiðsli þegar hann fann að hertist að fætinum. Fóturinn hafi strax losnað þegar hann kom í sjóinn enda hafi trossan sokkið hægt og hann ekki farið nema einn til tvo metra undir yfirborð;

- að þegar vélin var stöðvuð kallaði skipstjórinn í hásetan og sagði honum að hringja í næsta bát sem var að draga netin skammt undan. Skipstjóri Álfs SH skar netin frá þegar hann fékk boðin og setti á fulla ferð á slysstað og náði skipverjanum úr sjónum;
- að sögn skipstjóra var hásetinn vanur sjómaður sem hafði verið á stærri bátum en farið með sér í tvo túra áður og ekkert verið kynnt stjórnþæki bátsins. Hann sagði að eftirleiðis fengju allir sem færu á sjó með honum tilsögn um meðferð bátsins svo sambærilegt atvik gerist ekki aftur.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var gáleysi skipstjóra að stíga inn á svæði á þilfarinu án fyllstu aðgæslu þar sem veiðafæri voru að renna fyrir borð.

Nefndin áminnur skipstjórnarmenn um skyldur þeirra að nýliðum sé leiðbeint um störf þau sem hann á að sinna. Enn fremur skal honum sýndur björgunar- og viðvörunarbúnaður sem á skipinu er og leiðbeint um grundvallaratriði við notkun þeirra. Nefndin telur nauðsynlegt að þar sem eru tveir eða fleiri menn í áhöfn að annar en skipstjórinn hafi færni í stjórn bátsins.

Tillaga í öryggisátt:

Nefndin vill beina þeim tilmælum til stjórnvalda að settar verði reglur sem kveða á um að þeir sjómenn sem vinna úti á þilfari séu ávallt búnir björgunarvestum við störf sín.